

(B. IX, 1).

**Nd.**

### **31. Frumvarp**

til laga um undanþágu frá lögum nr. 33, 19. júní 1922, um rjett til fiskveiða í landhelgi.

Flutningsmaður: Agúst Flygenring.

#### 1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að leyfa einstökum erlendum manni eða fjelagi að gera út til fiskveiða frá Hafnarfirði alt að 6 erlend botnvörpuskip, er stundi þorskveiðar utan landhelgi með íslenskri skipshöfn, og til að leggja aflann á land og láta verka hann þar.

Framkvæmdarstjóri fyrirtækisins skal vera hjer búsettur maður og fyrirtækið hafa varnarþing í Hafnarfirði.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

### **Á s t æ ð u r.**

Árið 1910 settist að í Hafnarfirði skotskt verslunarfjlag, er nefndist Bookless Bros. Fjlag þetta rak stóra fiskverslun (og fiskiskipaútgærd flest árin) til ársloka 1922. Á þessu tímabili bygði fjlagið upp stóra og kostbæra fiskverksunarstöð og veitti mjög mikla atvinnu í Hafnarfirði. En síðustu árin tapaði fjlagið svo mjög á fiskversluninni, að það varð gjaldþrota. Landsbankinn hafði stöðina að veði fyrir hárrí skuldarupphæð og ljét leggja sjer hana út til eignar, en síðan hefir hún staðið auð og ónotuð.

Nú komu hjer í vetur þrír ítalskir menn, er voru fúsir til að kaupa þessa stöð af Landsbankanum, ef þeir fengju heimild til að gera hjer út alt að 6 botnvörpuskip til þorskveiða og að verka fiskinn í stöðinni. Landsbankinn sótti þá um til ríkisstjórnarinnar að mega selja þessum mönnum stöðina, og var það leyfi veitt. Enn fremur sóttu Ítalirnir um leyfi til að gera út frá Hafnarfirði 6 botnvörpuskip, til þess að notfæra sjer eignina, en þá undanþágu sá ríkisstjórnin sjer ekki fært að veita.

Þar sem nú stórkaupmaður H. D. Bookless — en hann var einn eigandi þessa verslunarrekstrar hin síðari ár — hafði verið stærsti atvinnuveitandinn í Hafnarfirði um nokkur ár, þá misti fjöldi manna atvinnu við gjaldþrot hans. Má því segja, að dragi til mestu vandræða fyrir þennan kaupstað, ef ekki er hægt, og það bráðlega, að bæta úr atvinnuþörfinni með verulegum atvinnurekstri í líkingu við það, er áður var.

Farið hefir verið fram á það við báða bankana að leggja fram fje, þó eigi væri nema fyrir einu botnvörpuskipi, eða jafnvel að eins hálfu, til þess þar með að auka atvinnu verkafólks og sjómanna í Hafnarfirði, en bankarnir hafa ekki sjéð sjer það fært.

Á meðan svo stendur, og það getur orðið um mörg ár, virðist ekki vera hægt að komast hjá því að nota erlent fjármagn til styrktar — ef ekki á að setja alt í auðn — og þess vegna er ekki ástæðulaust, að frv. þetta er fram komið.